

SPENNANDI TÆKIFÆRI Í HJARTA KÓPAVOGS

Gerðarsafn stendur fyrir metnaðarfullri sýningardagskrá með megináherslu á nútíma- og samtímalist í glæsilegri byggingu á besta stað í Kópavogi nærri Kópavogskirkju.

Safnið var reist í minningu Gerðar Helgadóttur myndhöggvara og var opnað árið 1994. Í Gerðarsafni eru á hverju ári haldnar um 10 sýningar af fjölbreyttu tagi, ásamt áhugaverðri viðburðadagskrá.

Þrjár sýningarsalir eru í safninu, tveir á efri hæð og fjölnota sýningarsalur ásamt sólríkri kaffistofu í glerbyggingu á neðri hæð.

Gerðarsafn í Kópavogi óskar eftir áhugasömum rekstraraðila til að taka að sér veitingarekstur í björtu og hlýlegu rými á neðri hæð safnsins.

Sá sem annast veitingarekstur þarf að:

- Þjóða upp á fjölbreyttar og vandaðar veitingar sem henta starfsemi safnsins og umhverfi.
- Hafa reynslu, hæfni og áhuga á að sinna veitingarekstri.
- Búa yfir góðri samskiptahæfni og vera fær um að sinna fjölbreyttum hópi gesta.
- Vera tilbúinn til að þróa reksturinn í takt við starfsemi safnsins hverju sinni.

Gerðarsafn er opið alla daga nema mánudaga frá kl. 11.00–17.00. Auk þess nær veitingareksturinn til veitingaþjónustu vegna útleigu safnsins fyrir viðburði, fundi og veislur utan opnunartíma. Gerðarsafn tilheyrir Menningarhúsum Kópavogs en undir þeim hatti eru einnig Salurinn, Bókasafn Kópavogs, Náttúrufræðistofa Kópavogs og Héraðsskjalasafn Kópavogs sem eru í næsta nágrenni við safnið. Sundlaug Kópavogs er skammt undan.

Áætlaður gestafjöldi menningarhúsanna á svæðinu á ársgrundvelli er hátt í tvö hundruð þúsund manns.

Gert er ráð fyrir að rekstraraðili starfi með forstöðumanni menningarmála Kópavogs og forstöðumanni Gerðarsafns að því að setja nýjan og ferskan brag á veitingaþjónustuna og nái til nýrra markhópa auk þeirra sem fyrir eru. Vilji rekstraraðili gera breytingar innanhúss skal hann skila inn upplýsingum um þær ásamt kostnaðar-áætlun með umsókn. Tekið er á móti öllum umsóknum með opnum huga.

Tilboðum skal skilað fyrir kl. 12:00 þann 10. september 2018 í afgreiðslu Kópavogsbæjar að Digranesvegi 1 eða senda þau til Soffíu Karlsdóttur forstöðumanns menningarmála Kópavogs, í netfangið soffiakarls@kopavogur.is, sem einnig veitir nánari upplýsingar um verkefnið.